

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingu, og fjárlög fyrir árið 2017 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

á veitusvæði HS veitna	5,28 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	7,74 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	5,59 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	4,99 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	7,93 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	5,12 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	5,72 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	4,86 kr./kWst.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

RARIK	3,90 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	3,68 kr./kWst.,
HS veitur	134,40 kr./ m <sup>3</sup> .

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2017, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. apríl 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. mars 2017.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingyi Már Pálsson.

*Erla Sigríður Gestsdóttir.*